

Nd.

406. Frumvarp

til laga um laun háskólakennara.

Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í Ed.

1. gr.

Háskóli Íslands skiftist í 4 deildir: Guðfræðisdeild, lagadeild, læknadeild og heimspekisdeild.

Í guðfræðisdeildinni eru 2 prófessorar og 1 dósent.

Í lagadeildinni eru 3 prófessorar.

Í læknadeildinni eru 2 prófessorar og 6 aukakennarar. Aukakennarar eru: Héraðslæknirinn í Reykjavík, holdsveikralæknirinn, geðveikralæknirinn, efnafræðingur landsins, augnlæknir sá og tannlæknir, er styrks njóta úr landssjóði. Aukakennararnir eru skyldir til að kenna við háskólann með sömu kjörum og þeir kendu við læknaskólann. Auk nefndrar kenslu má ráða lækni til þess að veita tilsögn í lækningum á sjúkdómum í eyrum, nefi og hálsi, gegn 1000 kr. þóknun á ári.

Í heimspekisdeildinni eru 2 prófessorar og 1 dósent. Annar prófessorinn kennir heimspeki en hinn íslenska málfræði og menningarsögu. Dósentinn kennir íslenska sagnfræði að öðru leyti.

2. gr.

Prófessorarnir hafa 3000 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. á ári, upp í 4800 kr.

Dósentarnir hafa 2800 kr. árslaun.

Þeir kennarar, sem höfðu hærri laun meðan þeir höfðu á hendi kenslu við embættaskólana, skulu þó einskis í missa, en njóta hinsvegar nýnefndrar luunahækkunar með hækkandi embættisaldri.

Laun kennaranna greiðast úr landssjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar háskólinn tekur til starfa og eru þá jafnframt eftirfarandi ákvæði úr gildi numin: konungsráðgjafi 21. maí 1847, um stofnun prestaskóla; lög nr. 5 frá 11. febr. 1876, um stofnun læknaskóla; lög nr. 31, frá 8. nóvem-

ber 1883, að undanteknu ákvæðinu um laun landlæknis í 1. gr.; 5. gr. laga nr. 23, frá 9. desember 1889; lög nr. 3, frá 4. marz 1904, um stofnun lagaskóla og lög nr. 37, frá 16. nóvember 1907, sbr. lög nr. 38 frá sama degi, þó að áskildu nánara ákveðnu aukaprófi fyrir menn, sem taka próf í lögum við Kaupmannahafnarháskóla eftir 1. október 1911. Loks eru þá ógild öll önnur ákvæði, er koma kunna í bága við hin nýju lög.